

Íslensk gögn í Google Scholar

Í febrúar síðastliðnum var leitarvélinni Google veittur aðgangur að hluta af bókfræðigögnum Gegnis og er nú hægt að nálgast þau á Google Scholar (<http://scholar.google.com/>). Sá hluti sem tiltækur er, eru höfundarnöfn, titlar og efnisorð bóka og greina. Google Scholar er í þróun og nær kerfið nú meðal annars til samskráa fyrir Ísland, Ísrael, Portúgal, Sviss, Svíþjóð og Ungverjaland, auk margra fleiri gagnasafna. Á vefnum er hægt að nota íslensk leitarorð og þegar niðurstöður birtast má smella á orðin *Find in Gegni* til að birta færsluna í Gegni. Í nokkrum tilvikum er hægt að komast beint að rafrænu gagni, og á það t.d. við um greinar í Læknablaðinu (dæmi má sjá með því að slá inn „heilkenni Sjögrens“ sem leitarorð).

Aðgangur Google að færslum úr Gegni byggir á samkomulagi milli Landskerfis bókasafna hf. og fulltrúa aðildarsafna annars vegar, og milli Landskerfis bókasafna hf. og Google Inc. hins vegar. Samstarfið er framkvæmt með þeim hætti að einu sinni í mánuði eru bókfræðigögn úr Gegni skrifuð í XML skrár sem lesnar eru inn í kerfi Google. Enn á eftir að sníða nokkra vankanta af skráavinnslnni, en þegar fram í sækir verður þessi leið að Gegni trúlega góð viðbót við þann aðgang að samskránni sem fyrir er, einkum fyrir fræðimenn og skólafólk.

Árni Sigurjónsson
Landskerfi bókasafna



[Advanced Scholar Search](#)
[Scholar Preferences](#)
[Scholar Help](#)

Stand on the shoulders of giants

[Google Home](#) - [About Google](#) - [About Google Scholar](#)

©2006 Google